

# Eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði

–Samantektarskýrsla um eftirlit í júní 2014

## 1. Formáli

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara. Eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar samkvæmt efnalögum er að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablanda sem falla undir lögini.

Í þessu verkefni var farið í eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga og reglugerð nr. 350/2014 um meðferð varnarefna og notendaleyfi. Plöntuverndarvara er notuð í landbúnaði og garðyrkju til þess að hefta vöxt, varna sýkingum eða skemmdum í gróðri af völdum hvers kyns lífvera eða til þess að stýra vexti plantna, svo sem plöntulyf, illgresiseyðar og stýriefni.

## 2. Tilgangur og markmið

Samkvæmt nýjum efnalögum er Umhverfisstofnun falið að hafa eftirlit með setningu plöntuverndarvara á markað. Plöntuverndarvörur þurfa markaðsleyfi til það að þær megi setja á markað, þær þurfa að vera merktar samkvæmt lögum og reglugerðum og afhenda þarf þeim öryggisblöð sem nota vörurnar í atvinnuskyni.

Í þessu ljósi voru sett fram neðangreind markmið með þessu eftirliti:

- Að ganga úr skugga um að plöntuverndarvörur sem eftirlitsþegi setur á markað séu með leyfi.
- Að athuga hvort merkingar séu í samræmi við gildandi reglur þar um.
- Að kanna hvort öryggisblöð séu aðgengileg fyrir þá sem nota vörurnar í atvinnuskyni.

## 3. Framkvæmd

Starfsmenn Umhverfisstofnunar fóru í eftirlit í 7 fyrirtækjum sem setja plöntuverndarvörur á markað og var úrtakið miðað við að ná til fyrirtækja, sem eru framarlega í aðfangakeðjunni og hafa mikla markaðshlutdeild. Samkvæmt þeim gögnum sem stofnunin hefur undir höndum um innflutning á

plöntuverndarvörum, má ætla að fyrirtækin sem voru í úrtakinu séu samanlagt með um eða yfir 90% markaðshlutdeild hér á landi. Eftirlitsþegar koma fram í meðfylgjandi töflu.

#### Eftirlitsþegar í eftirliti með plöntuverndarvörum á markaði í júní 2014.

Fyrirtæki:	Starfsemi:
Bauhaus Ísland ehf	Innflutningur, smásala
Demeter ehf	Innflutningur, heildsala
Frjó Umbúðasalan ehf	Innflutningur, heildsala
Garðheimar Gróðurvörur ehf - heildsala Smiðjuvegi 5 og smásala að Stekkjarkakka 6.	Innflutningur, heildsala, smásala
Húsasmíðjan ehf. Blómaval Skútuvogi	Smásala
Innigarðar ehf	Innflutningur, smásala
Nathan og Olsen hf.	Innflutningur, heildsala

Eftirlitsferðir fóru fram dagana 24., 25. og 30. júní 2014. Við komu á staðinn var eftirlitsþega afhent bréf þar sem markmið eftirlitsins komu fram og útskýrt hvernig eftirlitinu yrði háttáð. Fulltrúi fyrirtækis var viðstaddir og staðfesti með undirritun sinni að eftirlitið hafi farið fram.

## 4. Niðurstöður

Samtals voru skoðaðar 60 vörur í eftirlitinu og komu fram 10 frávik í 4 af þeim 7 fyrirtækjum sem voru í úrtakinu. Oftast var um það að ræða að varan var ekki með markaðsleyfi hér á landi (9 vörur) en í einu tilfelli vantaði íslenskar merkingar.

Eftirlitsþegum voru sendar eftirlitsskýrslur ásamt bréfi þann 17. júlí 2014 og þeim fyrirtækjum, þar sem ekki komu fram frávik, var jafnframt tilkynnt um málslok. Þegar um var að ræða frávik var eftirlitsþega veittur frestur til 31. ágúst 2014 til að gera athugasemdir við eftirlitið og bregðast við frávikum.

Öll fyrirtækin hafa brugðist við tilmælum Umhverfisstofnunar með eftirfarandi aðgerðum með því að:

- ✓ lagfæra merkingar (1 vara).
- ✓ senda vörur í förgun hjá viðurkenndum móttökuaðila (4 vörur).
- ✓ taka vörur tímabundið af markaði þar til þeim hefur verið veitt markaðsleyfi (4 vörur).
- ✓ taka vöru tímabundið af markaði þar til komin er niðurstaða um það hvort í því tilfelli sé um að ræða plöntuverndarvöru eður ei (1 vara).

12. nóvember 2014

Björn Gunnlaugsson, verkefnisstjóri